

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.

1. gr.

Gjaldskrá þessi er unnin í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2006.

2. gr.

Gjald fyrir íbúðir:

Sorphreinsun á íbúð 15.685 kr. á ári.

Sorpeyðingargjald á íbúð 34.867 kr. á ári.

Grunngjald á lögaðila: 30.426 kr. á ári.

Heiti	pr./m ³	Skýring
Blandaður rekstrarúrgangur	12.620 kr.	Almennt sorp, veiðarfæri, spillt endurvinnsluefni
Lífrænn úrgangur	3.605 kr.	Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn v/beina)
Ólitað timbur	3.605 kr.	Bretti - ómálað timbur
Litað timbur	6.009 kr.	Gagnvarið, málað, spónlagt o.fl.
Óvirkur úrgangur (urðun)	3.605 kr.	Gler, jarðvegur, steypubrot
Endurvinnsluefni	0 kr.	Pappi, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast, raftæki
Garðaúrgangur	0 kr.	Gras, trjágreinir, lauf
Annað		Samkvæmt tilboði
Spilliefni		Samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva (Efnamóttakan)
Sóttmengaður úrgangur		Samkvæmt tilboði

Öll verð eru án virðisaukaskatts.

Grunngjald skal innheimta af öllum lögaðilum, þ.m.t. útgerðum, einyrkjum, þeim sem eru með rekstur í heimahúsi og af heimagistiþjónustu.

Undanþegin grunngjaldinu eru þó félagasamtök án skrifstofu, og fyrirtæki sem ekki eru í rekstri. Álag á pressað sorp skal vera 100%. Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar.

Undanþegin magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald.

3. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp eða í síma 4882530. Allar upphæðir eru án vsk.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja þann 17. janúar 2016, staðfestist hér með, skv. 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar í stað.

F.h. Vestmannaeyjabæjar, 21. mars 2016,

Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs.